

75. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni,

haldinn í Stofu íslenskra fræða, fimmtudag 19. júní, 2014, kl. 13:00

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson, Bryndís Ásta Böðvardsdóttir, Lára Hreinsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, Eygló Kristjánsdóttir, Halldór Páll Halldórsson, Páll M Skúlason, Valgarður Reynisson, Kristbergur Ó Steinarsson og Sigríður Björk Gyłfadóttir.
Sigurður Ingi Jóhannsson var forfallaður.

Dagskrá skv. fundarboði:

1. Umsóknir vegna næsta skólaárs
2. Starfsmannahald næsta skólaár
3. Rekstrarniðurstaða skólans 2013
4. Kannanir
 - a. Rannsóknir og greining
 - b. SFR könnun – Stofnun ársins
5. Nýjar brautalýsingar – Nýr skóli? Umræða um framtíðina
5. Önnur mál
6. Endurbætt álma II á Nös skoðuð

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

1. Umsóknir vegna næsta skólaárs

Páll greindi frá niðurstöðum innritunar, en nú hafa bréf verið send til nýnema. Fram kom að aðsókn er minni en verið hefur undanfarin ár. Skýringar á þessari breytingu liggja ekki fyrir.

2. Starfsmannahald næsta skólaár

Halldór Páll greindi frá þeim breytingum sem verða í hópi starfsmanna frá og með næsta hausti.

3. Rekstrarniðurstaða skólans 2013

Halldór Páll kynnti helstu niðurstöður rekstrar síðasta árs. Hann dreifði blaði með lykiltölum. (fskj.1). Hagnaður ársins reyndist vera 10,4 milljónir.

4. Kannanir

a. Rannsóknir og greiningar

Niðurstöður könnunarinnar voru sendar fulltrúum í nefndinni fyrir fundinn.

Halldór Páll leiddi lauslega yfirferð yfir niðurstöðurnar.

Ákveðið að taka þær til framhaldsumræðu á haustfundi.

b. SFR könnun – Stofnun ársins

Halldór Páll hafði framsögu undir þessum lið, en skólinn lenti meðal þeirra efstu í flokki meðalstórra stofnana og getur kallað sig fyrirmyndarstofnun árið 2014. Hann dreifði niðurstöðum könnunarinnar (fskj. 2).

Skólanefnd fagnar niðurstöðunum.

5. Nýjar brautalýsingar – Nýr skóli? Umræða um framtíðina

Halldór Páll hafði framsögu og varpaði fram spurningum til fundarmanna um viðhorf þeirra til þeirra breytinga sem framundan eru og hvernig þeir sjá fyrir sér framtíðarskipulag náms í skólanum.

Ýmsum hugmyndum var varpað fram, t.d. um umhverfisáherslu á náttúrufræðabraut og ferðamálaáherslu á félagsfræðabraut.

Halldór Páll dreifði frumhugmyndum um 3ja ára nám. (fskj. 3). Þessar hugmyndir verða hluti umræðu og vinnu innan skólans á komandi vetri.

6. Önnur mál

a. Móttaka nýnema.

Halldór Páll hafði framsögu og kvað kominn tíma á breytingar að því er móttöku nýnema varðar. Sigríður kvað foreldraráð sammála því að breytingar verði gerðar. Kristbergur kvað málið verða tekið til jákvæðrar umræðu meðal nemenda með það markmið að nálgast þennan tíma með gjörbreyttum hætti. Aðrir fundarmenn lýstu sömu skoðunum.

Skólanefnd hvetur til að móttaka nýnema verði með jákvæðum og uppbyggilegum hætti í framtíðinni.

Fundi slitið kl. 14:30

Fundargerð ritaði Páll M Skúlason

Eftir fundinn var vettvangsferð í álmu II á Nös.